

317. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, þriðjudaginn 7. janúar 2025 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1

. 2410228 - KFÍA - Vallarhús

Afnót KFÍA af Vallarhúsi.

Undir þessum fundarlið sitja Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Ingimar Elí Hlynsson, framkvæmdastjóri KFÍA, og Jónína Margrét Sigmundsdóttir, formaður skóla- og frístundaráðs.

Skipulags- og umhverfisráð tekjur jákvætt í hugmyndir KFÍA um notkun á húsnæðinu og vísar málinu til bæjarráðs.

2

. 2408106 - Umferðaröryggi við skóla og íþróttamannvirki

Umfjöllun um umferðaröryggi við skóla- og íþróttamannvirki.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að haldið verði áfram með vinnu er varðar umferðaröryggi við skóla- og íþróttamannvirki.

3

. 2410303 - Grasslættur - umhirða á opnum svæðum - útboð 2025

Umræða um útboð á grasslætti opinna svæða.

Sviðsstjóra falið að vinna málið áfram.

4

. 2410062 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Kynnt drög að breyttri samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Skipulags- og umhverfissvið samþykkir drögin fyrir sitt leyti og felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.

5

. 2501066 - Gáma - Breytt fyrirkomulag

Tillaga um að breyting á gjaldtöku fyrir losun í Gámu og niðurfelling á klippikorti taki gildi 3. febrúar 2025.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir breyttar reglur og gjaldskrá frá 1. febrúar 2025 fyrir losun íbúa í Gámu og að klippikort falli jafnframt úr gildi. Breytingin verður kynnt vandlega á rafrænum miðlum og í Skessuhorni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:45.